

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 255/2024

2025/EES/25/04

frá 6. desember 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1685 frá 17. júní 2024 um leyfi fyrir blöndu með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólealsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* sem fæðuaukefni fyrir mjólkurkúr (1).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1723 frá 20. júní 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fæðuaukefni fyrir dýr á beit af nautgripakyni, sauðfé og geitur til mjólkurframleiðslu (leyfishafi er International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi hans er GAB Consulting GmbH) (2).
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1727 frá 20. júní 2024 um að taka tiltekin fæðuaukefni af markaði (3).
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fæður. Ákvæði löggjafar um fæður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 594. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1325) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„595. **32024 R 1685:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1685 frá 17. júní 2024 um leyfi fyrir blöndu með glýkósýluðu 1,25-díhýdroxýkólealsíferóli úr útdrætti úr *Solanum glaucophyllum* sem fæðuaukefni fyrir mjólkurkúr (Stjtið. ESB L, 2024/1685, 18.6.2024).

596. **32024 R 1723:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1723 frá 20. júní 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Duddingtonia flagrans* NCIMB 30336 sem fæðuaukefni fyrir dýr á beit af nautgripakyni, sauðfé og geitur til mjólkurframleiðslu (leyfishafi er International Animal Health Products Pty Ltd, fulltrúi hans er GAB Consulting GmbH) (Stjtið. ESB L, 2024/1723, 21.6.2024).

597. **32024 R 1727:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1727 frá 20. júní 2024 um að taka tiltekin fæðuaukefni af markaði (Stjtið. ESB L, 2024/1727, 21.6.2024).“

(1) Stjtið. ESB L, 2024/1685, 18.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1685/oj

(2) Stjtið. ESB L, 2024/1723, 21.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1723/oj

(3) Stjtið. ESB L, 2024/1727, 21.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1727/oj

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/1685, (ESB) 2024/1723 og (ESB) 2024/1727, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.